

11. desember 1968.

467

Nr. 305

## AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29, 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerðir eftir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

59. Nefnd Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, en aðild að nefndinni eiga: Verzlunarmannafélag Akraness, Borgarness, Snæfellinga, V.-Barðastrandarsýslu, Bolungarvíkur, Ísafjarðar, Húnvetninga, N.-Þingeyjarsýslu, Reyðarfjarðar og Egilsstaðahrepps, V.-Skaftfellinga, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyja, Árnes-sýslu og Hafnarfjarðar. Aðsetur nefndarinnar er í Reykjavík. Staðfest 10. des. 1968.
60. Nefnd Verzlunarmannafélags Suðurnesja. Aðsetur nefndarinnar er í Keflavík. Staðfest 10. des. 1968.
61. Nefnd Verkamannafélags Borgarfjarðar (eystra). Aðsetur: Borgarfjörður, N.-Múl. Staðfest 10. des. 1968.
62. Nefnd Trésmiðafélags Akureyrar, Múrarafélags Akureyrar og Málarafélags Akureyrar. Aðsetur: Akureyri. Staðfest 10. des. 1968.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1968.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

16. desember 1968.

Nr. 306.

## AUGLÝSING

um umferð í Skútustaðastaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt heimild í 50. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 eru settar eftirfarandi reglur um umferð í Skútustaðahreppi:

1. Á Mývatnssveitarvegi nyrðri, við Reykjahlíð. Hámarkshraði 45. km á klst. Reglur þessar gilda frá stað 200 m norðan við heimkeyrslu að Hótel Reynihlíð að stað 40 m norðan við aðalvegamót sunnan útibús Kaupfélags Þingeyinga. Framangreindur vegarkafli skal jafnframt vera aðalbraut.

B 58